1.	Desjarmýri	300 kr.	35
2.	Kálfafellsstaður	200 —	10. marz.
3.	Sandfell í Öræfum	500 —	
4.	Kálfholt	200 —	
5.	Staður í Grindavík	300 —	
6.	Hestþing	200 —	
7.	Sauðlauksdalur	200 —	
8.	Staður í Aðalvík	600 —	
9.	Tröllatunga	200 —	
10.	Tjörn á Vatnsnesi	300 —	
11.	Goðdalir	100 —	
12.	Fell í Sljettuhlíð	400 —	
13.	Miðgarður í Grímsey	200 —	
14.	Hvanneyri	300 —	
15.	Höfði	100 —	
16.	Þönglabakki	400 —	
17.	Lundabrekka	300 —	
18.	Klyppstaður	200 —	
	Samtals:	5000 kr.	

Þetta er hjermeð þjónustusamlega kunngjört yður, háæruverðugi herra, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum, og munu uppbætur þessar verða útborgaðar samkvæmt ráðgjafabrjefi 11. nóvember 1881 (B. 161).

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður og austuramtinu* **um lóðargjald á Sauðárkróki** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi frá 27. ágúst f. á. samþykki jeg hjermeð upphæð afgjalds þess af húsalóðum á Sauðárkróki, er ákveðin var með útmælingargjörð þeirri, er sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu með tilkvöddum mönnum framkvæmdi 17. maí í fyrra, eptir því sem fyrirskipað hafði verið í brjefi mínu 18. apríl s. á., og skal sýslumaður innheimta gjald þetta í fyrsta skipti í næstkomandi fardögum fyrir hið þá umliðna fardagaár $18^{83}/_{84}$; þó skal jeg, að því er snertir lóð þá, er L. Popp, án þess að hafa heimild til þess, hefur leyft Halli Ásgrímssyni að byggja á, skora á yður að leggja fyrir sýslumanninn í Skagafjarðarsýslu að mæla hana upp og ákveða lóðargjald af henni eptir sama mælikvarða og af öðrum lóðum, og skyldi þá það, sem eptir verður af lóð þeirri, sem L. Popp á sínum tíma var útmæld, eigi vera svo mikið, að svaraði til 20 kr. lóðargjalds, í hlutfalli við aðrar lóðir, þá álít jeg sjálfsagt, að það verði fært tiltölulega niður. 36 12. marz.

Sömuleiðis fellst jeg á, að ekkert gjald greiðist af barnaskólalóðinni, að landshlutur af síld á strandlengjunni milli Sauðáróss og Gönguskarðsár falli til landssjóðs, að þeir húseigendur á Sauðárkróki, sem óska að koma upp maturtagörðum í brekkunni fyrir ofan húsin, fái til þess útmældar lóðir án sjerstaks eptirgjalds fyrir sjálfa þá, og að endingu, að þjer, herra amtmaður, ákveðið eptirleiðis upphæð gjaldsins af þeim húsalóðum, er kynnu að verða útmældar á Sauðárkróki, þannig að gjaldið ekki verði sett lægra en 25 a. af hverjum 100 □ álnum.